



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union

INTERFACE

Innovation and Entrepreneurship for Fragile Communities in Europe

**BROTHÆTTAR BYGGÐIR NÁMSKRÁ
FYRIR SAMFÉLAGSÞJÁLFA**



BROTHÆTTAR BYGGÐIR NÁMSKRÁ

FYRIR SAMFÉLAGSPJÁLFA

Verkefni nr. 2017-1-IS01-KA204-026516

Þetta verkefni er unnið með styrk frá Erasmus+, samstarfsáætlun ESB.

Útgáfa þessi endurspeglar eingöngu afstöðu höfundar og framkvæmdarstjórn ESB
ber enga ábyrgð á því hvernig upplýsingar úr henni eru nýttar.

Samningur nr. 2017-1-IS01-KA204-026516

INNGANGUR

Samstarfsaðilar INTERFACE völdu þrjár til sex brothættar byggðir eða samfélög til þátttöku í tilraunakennslu samfélagsþjálfara. Markhópur þjálfunarinnar var fólk sem tók virkan þátt í samfélagsþróun og nýsköpun í sinni heimabyggð en markmiðið var að auka færni þeirra til að stuðla að samfélagsþátttöku íbúa, nýsköpun og frumkvöðlastarfi. Í þjálfuninni var stuðst við aðferðir markþjálfunar og þátttökulýðræðis til handa einstaklingum og hópum auk þess að kynna til sögunnar stuðnings- og styrkjaumhverfi nýsköpunar og viðskiptaþróunar.

Þetta skjal “Námskrá fyrir samfélagsþjálfara” má nýta og aðlaga að hvaða byggðarlagi eða samfélagi sem er hvort sem er innan samstarfslandanna eða annarsstaðar. Námskrá og námsefni er aðgengilegt á ensku á [heimasíðu verkefnisins](#).

Samstarfsaðilar INTERFACE verkefnisins

Ágúst 2019

Efnisyfirlit

Þjálfun / yfirlit.....	4
Námskeiðslýsing	5
Námsviðmið.....	7
Skipulag, mat á námi og kennslu	8
Eftirlit og eftirfylgni	9
Námsþættir	9
Heimildir	10

Þjálfun / yfirlit

Námskrá fyrir samfélagsþjálfara (The Community coaches' curriculum) lýsir þjálfun sem nær yfir 100 til 120 klst. nám sem má meta til allt að fjögurra ECTS eininga (EU, 2017). Námið er skilgreint inn á þrepi fimm í Evrópska hæfniramma (The European Qualification Framework - EQF). Í náminu öðlast nemendur bæði, þekkingu á samfélagsþróun í brothættum og viðkvæmum byggðarlögum (Nordregio, 2017) og færni í að nota aðferðir markþjálfunar í starfi og stuðningi sínum við samfélagsþróun¹. Nemendur öðlast hagnýta þekkingu á aðferðum markþjálfunar og íbúapátttöku/lýðræðis sem þeir geta nýtt til að vinna með áskoranir samfélagsins. Námskeiðið getur hentað sem hluti af almennu námi fyrir stjórnendur.

Við lok námskeiðsins geta nemendur verið hópstjórar og nýtt aðferðir markþjálfunar með einstaklingum og hópum innan samfélaga með það að markmiðið að vinna að nýsköpun og samfélagsþróun. Nemendur eru hvattir til að veita sjálfum sér og öðrum endurgjöf á meðan á náminu stendur. Námskeiðið byggir meðal annars á tveimur af átta lykilfærniþáttum í fullorðinsfræðslu, lykilfærni nr. sex og nr. sjö, samanber (EU Lifelong learning, 2017):

(6) **Samskipti og félagsleg færni.** Með því að leitast við að auka færni og tileinka sér sjónarhorn markþjálfunar í samfélagslegu starfi í brothættum og viðkvæmum byggðarlögum, bæði gagnvart einstaklingum og hópum. Einnig með því að beita þátttökuaðferðum á vinnustofum í samfélögum. Nemendur læra að þekkja, leita eftir og virða ólík sjónarhorn, nota aðferðir markþjálfunar svo sem virka hlustun, opnar spurningar, skilgreiningu valkosta og stuðning við markmiðsetningu einstaklinga og hópa sem þeir vinna með. Nemendur skipuleggja opnar vinnustofur í sínum samfélögum þar sem þeir beita þátttökuaðferðum til að setja fram sameiginleg markmið, þróa hugmyndir, meta valkosti og setja fram verkefnaáætlanir.

(7) **Frumkvöðlastarf og nýsköpun.** Um leið og nemendur vinna með frumkvöðlum í sínum samfélögum, afla þeir sér þekkingu á tækifærum og þörfum samfélagsins fyrir nýsköpun í tengslum við nýja vöru eða þjónustu. Í vinnu sinni í samfélaginu, með einstaklingum og hópum, öðlast nemendur færni í aðferðum markþjálfunar, þar sem það að virða ábyrgð einstaklinga er lykilþáttur í ferlinu bæði hjá einstaklingum og hópum. Meginregla markþjálfunar er að hún er skapandi ferli sem hvetur marksækja, hópa og einstaklinga, til að nýta færni sína, þekkingu og félagsleg tengsl til fullnustu.

Virk hlustun er lykilatriði í allri markþjálfun, að spyrja opinna spurningar, sýna einlægan áhuga og skapa þannig aðstæður þar sem fólk skilgreinir eigin valkosti, markmið og leiðina til að ná þeim. Ferlið leggur áherslu á ábyrgð marksækja eða viðmælanda á meðan markþjálfari stýrir ferlinu. Ferlið er valdeflandi bæði fyrir einstaklinga og hópa í brothættum byggðum. (International Coach federation, 2017)

¹ Brothættar byggðir byggja að hluta á kortlagningu og skilgreiningum Nordregio á viðkvæmni (vulnerability) samfélaga.

Námskeiðslýsing

Þátttakendur í námi fyrir samfélagsþjálfara í brothættum byggðarlögum eru valdir að undangengnum viðtölum er varða áhuga þeirra og reynslu. Námið byggir á staðarlotum fyrir þá með áherslu á hópverkefni, heimaverkefnum og eftirfylgni í starfi nemenda í samfélögunum. Lokverkefnið er að skipuleggja vinnustofu í brothættri byggð eða samfélagi. Milli staðarlota eiga nemendur í samskiptum sín á milli þar sem þeir miðla reynslu sinni með hjálp samfélagsmiðla og námsvefs. Eftir að þjálfun lýkur munu nemendur nýta þær aðferðir sem kenndar eru á námskeiðinu til að stuðla áfram að samfélagsþróun og nýsköpun í samfélaginu sem þeir búa í.

Þátttakendur í námi samfélagsþjálfara sem lýst er í námskránni verða:

- a. hagsmunaðilar og hópar í samfélögunum sem taka þátt;
- b. fólk sem vinnur að samfélagsþróun innan brothættra byggða;
- c. milliliðir innan samfélaganna;
- d. frumkvöðlar innan samfélaganna.

Þátttakendur eru upphaflega valdir eftir viðtöl eða spurningakannanir þar sem sjónum er beint að þátttöku, færni og reynslu tengdri samfélagsþróun. Markhópur námsins er fólk sem annað hvort býr í eða vinnur beint með völdum samfélögum eða brothættu byggðum. Umsjónarmenn námsins í hverju landi munu halda utan um valferlið í samstarfi við hagaðila.

Hlutverk samfélagsþjálfara felur í sér að þátttakendur búa yfir:

- grunnfærni eða jákvæðum viðhorfum til markþjálfunar,
- þekkingu á samfélaginu, samsetningu þess og þeim áskorunum sem þar eru,
- samskiptahæfni til að geta nálgast fólk og hópa innan samfélagsins til að veita stuðning og þjálfun.

Val á þátttakendum mun einnig taka mið af því hvort fólk er tilbúið að leggja af mörkum tíma sinn bæði til að sinna náminu en ekki síður þeim stuðningi sem það felur í sér til handa einstaklingum og hópum innan samfélagsins. Þátttakendur fá ekki greitt fyrir sína vinnu þó sumir þeirra geti nýtt þjálfunina í starfi sínu. Allir þátttakendur skrifa undir námssamning í byrjun náms þar sem farið er yfir skipulag þess, helstu verk- og ábyrgðarþætti. Ef þátttakendur ljúka ekki náminu geta þeir ekki farið fram á mat á ECTS einingum né vísað í að þeir hafi lokið INTERFACE þjálfuninni.

Umsjónarmenn námsins þurfa að vera meðvitaðir um að hvetja þátttakendur áfram í vinnu við heimaverkefni, þar sem flestir þátttakendur eru að leggja til eigin vinnu og tíma í þjálfunina.

Í staðarlotum miðla þátttakendur reynslu sinni af vel heppnuðum samfélagsverkefnum sem miða að því að auka nýsköpun og stuðla að samfélagsþróun auk þess að þjálfara sig í að nota aðferðir

markþjálfunar í hópastarfi og vinnu með einstaklingum í samfélögunum sem á sér staða á milli staðarlotna.

Þjálfunin mun jafnframt byggja á niðurstöðum FIERE verkefnisins, atviksrannsóknir, þarfagreiningu og námsefni, þar sem fram kemur að mikilvægt sé að (FIERE, 2017):

- auka skilning á mikilvægi sköpunarkrafts og nýsköpunar fyrir samfélagsþróun
- að þjálfara greinandi hugsun og útsjónarsemi hjá nemendum þegar þeir nýta aðferðir markþjálfunar og samfélagsþátttöku í samskiptum við einstaklinga og hópa
- þjálfara leiðtogahæfni og seiglu, þannig að vel takist til við að nýta aðferðir markþjálfunar og samfélagsþátttöku til að stuðla að samfélagsþróun og nýsköpun.

Nemendur fá kynningu á þarfa- og gloppugreiningu INTERFACE þannig að þeir geta betur glöggvað sig á stöðu samfélaganna og nýtt sér í frekari greiningu og vinnu innan þeirra. Nemendur vinna í kjölfarið með eigin styrkleika og þekkingu og skilgreina betur sitt hlutverk innan samfélaganna auk þess að miðla reynslu sinni til annarra nemenda.

Námið felur í sér þjálfun í staðarlotu á virkri hlustun, markþjálfandi nærveru, spurningatækni, markmiðasetningu, greiningu valkosta og þróun leiða til að ná þeim þar sem áherslan er á ábyrgð marksækja eða viðmælanda á ferlinu og þeim ákvörðunum og markmiðum sem þar eru sett fram. Nemendur vinna með eigin gildi, grunngildi markþjálfunar og gildi þess samfélags sem þeir eru að vinna með. Lokverkefni námsins er að skipuleggja vinnustofu í samfélaginu þar sem aðferðum og nálgun markþjálfunar og þátttökuáferða er beitt til að skapa vettvang til markmiðasetningar og áætlana um nýsköpun og samfélagsþróun. (Openspace World, 2017). Niðurstöðum af þessum vinnustofum verður miðlað í gegnum samfélagsmiðla, á vefsíðum hagaðila og verkefnisins auk þess að vera kynnt og rædd meðal nemenda í lokalotu námsins.

Markmiðið er að nemendur haldi áfram í kjölfar vinnustofunnar að vinna í samfélaginu og með einstaklingum innan þess að þeim markmiðum sem sett voru á vinnustofunum sem og að öðrum hugmyndum sem fram koma.

Námsviðmið

Þátttakendur í náminu munu:

- skipuleggja vinnustofu í sínu samfélagi í samstarfi við hagaðila, umsjónaraðila og samstarfsaðili í hverju samfélagi fyrir sig;
- nýta aðferðir markþjálfunar í starfi sínu með einstaklingum í samfélaginu auk þess að veita upplýsingar um stuðningsumhverfi og styrki sem hægt er að sækja í/um;
- vinna með nemendum eða samfélagsþjálfum í öðrum samfélögum og löndum.

Áherslan í námskránni er á að kynna og þjálfa aðferðir markþjálfunar og íbúabátttöku samhliða því að vinna með og greina það stoðumhverfi sem viðkomandi samfélög búa að. Markmiðið er að auðvelda nemendum að vinna með einstaklingum og hópum innan samfélagsins að því að:

- stofna til frumkvæðisverkefna eða stofna lítil fyrirtæki;
- þróa viðskiptahugmyndir yfir í verkefni;
- koma verkefnahugmyndum í framkvæmd;
- skilgreina og skrifa upp verkefnahugmyndir, framkvæmd, samstarf og stjórnun;
- koma auga á styrktarmöguleika og vinna umsóknir;
- koma á tengslum við hagaðila, einka- og opinbera aðila o.s.frv.

Útkoman verður samstarfsnet samfélagsþjálfara sem vinna saman að því að efla nýsköpun, frumkvöðlastarfsemi og samfélagslegsþátttöku í brothættum byggðarlögum í Evrópu.

Hluti af eftirfylgni nemenda er að miðla reynslu sinni til annarra sem vilja nýta INTERFACE þjálfunina til að stuðla að samfélagsþróun.



Skipulag, mat á námi og kennslu

Námskeiðið verður bæði miðlægt og staðbundið, þar að segja;

- Miðlæg þjálfun í aðferðum markþjálfunar og íbúapátttöku verður þannig að þjálfunin nýtist í samskiptum og stuðningi við einstaklinga og hópa innan samfélagsins. Námsfni verður unnið á ensku og þýtt yfir á tungumál samstarfslanda. Námsfni verður gert aðgengilegt á vefsíðu námsins/verkefnisins og kynnt á samfélagsmiðlum.
- Staðbundið námsfni verður útbúið í samstarfslöndunum byggt á niðurstöðu þarfa- og gloppugreiningar og lagað að þeim hópi/einstaklingum sem taka þátt í þjálfuninni. Námsfnið verður útbúið af umsjónaraðila námsins í samstarfi við hagaðila og samstarfsaðila í INTERFACE verkefninu.

Umsjónaraðilar halda utan um og skipuleggja námið í hverju landi fyrir sig í samstarfi við hagaðila í samfélögunum. Umsjónaraðilar í hverju þáttökulandi bera ábyrgð á námsefnisgerð, þýðingu og aðlögun á miðlægu námsfni og því að útbúa staðbundið námsfni sem miðar að þörfum nemenda og samfélagana sem þeir eru fulltrúar fyrir. Umsjónaraðila vinna með nemendum að því að taka jafnframt saman upplýsingar um stuðningsumhverfi og styrki við samfélagsþróun og nýsköpun á landsvísu eða í gegnum sjóði Evrópusambandsins.

Námsmat verður í formi símats þar sem nemendur miðla reynslu sinni af náminu og koma með hugmyndir að endurbótum bæði á eigin vinnu og kennslu. Formlegt námsmat verður jafnframt framkvæmt í tengslum við staðarlotur og með viðtölum við nemendur í upphafi og lok náms. Umsjónaraðilar eru virkir í að hvetja nemendur til að prófa sig áfram og beita aðferðum markþjálfunar og samfélagsþátttöku í starfi og aðkomu sinni að samfélagsþróun.

Eftirlit og eftirfylgni

Nemendur verða hluti af samstarfsneti samfélagsþjálfara en markmiðið er að þeir haldi áfram að miðla reynslu sinni, fá og veita jafningjastuðning eftir að þjálfuninni lýkur auk þess að halda áfram að nýta þekkingu sína og reynslu til að styðja við samfélagsþróun og nýsköpun.

Sú stofnun sem skipuleggur þjálfunina mun fylgja henni eftir í gegnum samfélagsmiðla og með rafrænni könnun sex og 12 mánuðum eftir að þjálfun lýkur.

Námsþættir

Þjálfunina má framkvæma á fjögurra til átta mánaða tímabili og skiptist hún í níu námsþætti, sem fela í sér undirbúningsfasa, fjórar staðarlotur (SL), þrjú heimaverkefni (HV) og lokaverkefni sem er skipulag og framkvæmd á vinnustofu í samfélagi. Samhliða þjálfuninni mun nemendur nýta aðferðir markþjálfunar í vinnu með einstaklingum innan samfélaganna.

1. Undirbúningur, viðtöl við mögulega þátttakendur þar sem notaðar eru spurningar sem byggja á þarfa og gloppugreiningu. Þátttakendur vinna stutta lýsingu á sjálfum sér og sínu hlutverki/þátttöku í samfélagsþróun áður en viðtal fer fram. (6 klst.)
2. Staðarlota þar sem námið er kynnt, farið yfir þarfa- og gloppugreiningu auk þess þátttakendur kynna sig og sín samfélög. (6 klst.)
3. Heimaverkefni, að skilgreina betur sitt vinnuferli og það samfélag sem nemendur eru fulltrúar fyrir. Taka saman upplýsingar um stuðningsumhverfi samfélagsins og styrkjamöguleika. Miðla þessum upplýsingum til annarra nemenda á námsvef eða öðrum samskiptamiðlum. (10 klst.)
4. Staðarlota um aðferðir markþjálfunar, markþjálfunar nærveru, virka hlustun, spurningatækni og bein samskipti. Nemendur æfa sig hver á öðrum og vinna með dæmi úr sínum samfélögum. (6 klst.)
5. Heimaverkefni þar sem nemendur prófa aðferðir markþjálfunar í samskiptum sínum og stuðningi við einstaklinga í samfélögunum. Samhliða ígrunda þeir eigin gildi og hvernig þau samræmast gildum markþjálfara, setja fram stutt CV á ensku þar sem þeir tilgreina sín grunnildi og miðla til samnemenda. (10 klst.)
6. Staðarlota þar sem sjónum er beint að þátttökuaðferðum með samfélögum og hópum, skipulagningu vinnustofa, umgjörð, markmið og eftirfylgni. (6 klst.)
7. Heimaverkefni, skipulagning á vinnustofu í því samfélagi sem nemandi býr eða starfar í. (10 klst.)

8. Heimaverkefni, halda (2-4 klst.) vinnustofu í samstarfi við umsjónaraðila. (10 klst.)
9. Staðarlota þar sem nemendur taka saman og kynna niðurstöður vinnustofa í samfélögunum, aðferðum sem beitt var, umræðum og niðurstöðum. (6 klst.)

Námsefni og annað stuðningsefni verður aðgengilegt á INTERFACE námsvef og heimasíðu.

Gert er ráð fyrir að nemendur veiti a.m.k. 30 klukkustunda stuðning samhliða eða í kjölfar námsins eða vinnustofu. Umsjónaraðilar í hverju landi fylgja eftir og styðja nemendur í þeirra viðleitni.

Heimildir

EU. (2017, December 30). *Europa education*. Retrieved from ECTS Users' guide :
http://ec.europa.eu/education/ects/users-guide/docs/ects-users-guide_en.pdf

EU Lifelong learning. (2017, December 30). *VINTAGE*. Retrieved from Slide share:
<https://image.slidesharecdn.com/leaflet8kc4-141029032253-conversion-gate02/95/the-8-key-competences-1-638.jpg?cb=1414553093>

FIERE. (2017, December 30). *FIERE*. Retrieved from Reports:
<http://www.fiereproject.com/index.php/reports/>

International Coach federation. (2017, September 28). *Coach federation*. Retrieved from Core competences: <https://coachfederation.org/core-competencies/>

Nordregio. (2017, November 10). *Nordregio maps on population and demography*. Retrieved from Demographic Vulnerabilities in 2014: <http://www.nordregio.se/en/Maps/01-Population-and-demography/Demographic-Vulnerabilities-in-2014/>

Openspace World. (2017, November 10). *Openspace World*. Retrieved from Experiment:
<http://openspaceworld.org/wp2/open>

PARTNERS



Aitoliki Development Agency S.A.
Greece



Byggðastofnun
Icelandic Regional Development Institute
Iceland



CESIE
Italy



Haskolinn a Bifrost
Iceland



Tipperary County Council
Ireland



Tora Consult Ltd.
Bulgaria



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union

The European Commission support for the production of this publication does not constitute an endorsement of the contents which reflects the views only of the authors, and the Commission cannot be held responsible for any use which may be made of the information contained therein.